



UPPLÝSINGASTEFNA AKUREYRARBÆJAR

2019 – 2022

Orðaskýringar

Sveitarfélagið Akureyrarbær; Akureyri, Hrísey og Grímsey. Svið og deildir, stofnanir, ráð og nefndir.

Upplýsingar; Skjöl og málgögn, reglur og samþykktir Akureyrarbæjar, upplýsingar um einstök mál, upplýsingar um þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins, útgæfið efni, fundargerðir ásamt fylgigögnum o.fl. Undanskilin eru þó persónuleg gögn, gögn um einstaka starfsmenn, vinnuskjöl og gögn sem heyra undir lög um persónuvernd.

Markmið

Markmið upplýsingastefnu Akureyrarbæjar er að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu og að allir sem hagsmuna eiga að gæta hafi greiðan aðgang að upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins.

Markviss miðlun upplýsinga og skýr viðmið um svörun erinda auðvelda aðhald að stjórnsýslunni, efla skilvirkt samstarf starfsmanna, bæta flutning fréttu af starfsemi sveitarfélagsins og gera íbúum kleift að vera virkir þátttakendur í íbúalýðræði. Um leið eykst og traust almennings á stjórnsýslunni.

Aðrar stefnur og verklagsreglur sem varða upplýsingamál skulu taka mið af upplýsingastefnunni, s.s. skjalastefna, vefstefna, persónuverndarstefna, verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum, leiðbeiningar um samskipti Akureyrarbæjar við fjölmiðla og samþykkt um byggðarmerki Akureyrar.

Stefnan nær til allrar starfsemi sveitarfélagsins og tengir því saman ýmsa aðra stefnumótun er varðar upplýsingamiðlun og samskipti við bæjarbúa og fjölmiðla.

Upplýsingamiðlun

Upplýsingar frá Akureyrarbæ skulu vera traustar og greinargóðar.

Mikilvægt er að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum og gögnum sem varða stjórn og þjónustu sveitarfélagsins, afgreiðslu mála og annað sem snýr að hagsmunum íbúa. Veita skal notendamiðað aðgengi að upplýsingum eins og frekast er unnt.

Upplýsingar skulu vera tiltækar á stafrænu formi svo fljótt sem auðið er, að því undanskildu þegar birtingu þeirra eru settar skorður skv. upplýsinga- eða stjórnsýslulögum, vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífsins eða öryggis heildarinnar.

Öll miðlun og meðferð upplýsinga skal vera hlutlaus og málefnaleg.

Beiðnum um upplýsingar ber að svara og afgreiða eins fljótt og auðið er, þó með þeim takmörkunum sem lög kveða á um.

Rangar upplýsingar skal leiðrétta hið fyrsta og biðjast velvirðingar eftir því sem við á.



Frumkvæði

Sveitarfélaginu ber að hafa frumkvæði að miðlun upplýsinga um starfsemi sína, stefnu, fjárhag, þjónustu, verklag, reglur, stjórnsýslu, fundargerðir fastanefnda og fylgigögn þeirra, ákvarðanir og forsendur þeirra. Þessi gögn skulu birt almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins.

Akureyrarbær skal upplýsa bæjarbúa um þær leiðir sem þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á ákvarðanatöku. Þannig er stuðlað að auknu íbúalýðræði.

Keppikefli Akureyrarbæjar er að nýta nýjustu tækni á markvissan hátt við miðlun upplýsinga.

Heimasíða Akureyrarbæjar

Opinber heimasíða sveitarfélagsins, akureyri.is, er mikilvægasta gáttin í miðlun upplýsinga og um leið andlit stjórnsýslunnar út á við.

Allar helstu upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins, helstu ákvarðanir, lög, fundargerðir fastanefnda, reglur og samþykktir, skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Akureyrarbæjar. Ekki er heimilt að birta persónugreinanlegar upplýsingar eða upplýsingar sem spillt geta viðskiptahagsmunum.

Á heimasíðunni eru birtar fréttir sem snerta starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins við íbúa. Fjalla skal jafnt og þétt um veigamikla þætti í starfi Akureyrarbæjar.

Uppfæra á upplýsingar á heimasíðunni eins skjótt og frekast er unnt og tryggja að þær séu réttar. Fylgja skal viðurkenndum öryggisstöðlum við meðferð gagna eins og nánar skal kveða á um í vefstefnu Akureyrarbæjar.

Allar heimasíður stofnana Akureyrarbæjar skulu lúta sömu kröfum um meðferð upplýsinga og rafrænt öryggi. Þær skulu undantekningarlaust vera merktar með heiti Akureyrarbæjar og byggðarmerki sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til vefstefnu Akureyrarbæjar.

Íbúagátt

Stefnt er að því að íbúagátt á heimasíðu Akureyrarbæjar verði meginfarvegur fyrir afgreiðslu erinda.

Einstaklingar og lögaðilar skrá sig inn í gáttina með rafrænum auðkennum og geta þar sótt um ýmsa þjónustu á vegum bæjarins, fylgst með afgreiðslu erinda sinna og stöðu gagnvart sveitarfélaginu, svo sem álagningu gjalda.

Kappkosta skal að afgreiðsla erinda sem berast í gegnum íbúagáttina sé hraðvirk, gagnsæ og skilvirk. Við móttöku erindis skal veita svar með upplýsingum um væntanlegan farveg og framvindu málsins.



Samfélagsmiðlar

Akureyrarbær nýtir samfélagsmiðla til að miðla fréttum og upplýsingum af heimasíðu Akureyrarbæjar í því skyni að auka dreifingu og sýnileika.

Mikilvægum upplýsingum er ávallt miðlað fyrst á heimasíðu bæjarins og birting á samfélagsmiðlum telst ekki formleg birting. Formleg samskipti um einstök mál fara ekki fram á samfélagsmiðlum.

Merki sveitarfélagsins

Öll opinber gögn sem Akureyrarbær lætur frá sér skulu auðkennd með byggðarmerki Akureyrar samkvæmt samþykkt þar að lútandi.

Ábyrgð og eftirfylgni

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á að upplýsingastefnu Akureyrarbæjar sé framfylgt og hún endurskoðuð fyrir lok árs 2022.

Formenn fastanefnda og ráða bera ábyrgð á kynningu helstu stefnumála og ákvarðana fyrir almenningi og fjölmiðlum.

Sviðsstjórar og stjórnendur bera ábyrgð á kynningu á starfsemi einstakra stofnana, deilda og sviða. Þeir bera jafnframt ábyrgð á því að upplýsingar sem miðlað er á heimasíðu Akureyrarbæjar og undirsíðum stofnana séu réttar.

Stjórn Akureyrarstofu og bæjarráð uppfæra og samþykkja árlega aðgerðarþætti vegna upplýsingastefnunnar.



Fylgiskjal:

Nokkrir helstu aðgerðarþættir 2019 og ábyrgð

Lögð fram kynningaráætlun sviða og deilda fyrir ár hvert

- Ábyrgð: Sviðsstjórar og formenn ráða
- Lokið: Fyrir 1. mars 2019

Íbúagátt – áætlun um birtingar umsókna

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið
- Lokið: Fyrir 1. júní 2019

Íbúagátt – áætlun um kynningu á notkun hennar

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið
- Lokið: Fyrir 1. október 2019

Vefstefna sveitarfélagsins tilbúin

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og Akureyrarstofa
- Lokið: Fyrir 1. maí 2019

Samfélagsmiðlastefna sveitarfélagsins tilbúin

- Ábyrgð: Akureyrarstofa og stjórnsýslusvið
- Lokið: Fyrir 1. maí 2019

Samþykktar og kynntar verði leiðbeiningar um samskipti við fjölmiðla

- Ábyrgð: Samfélagssvið/Akureyrarstofa
- Lokið: Fyrir 1. maí 2019

Endurskoðun samþykktar um byggðarmerki

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið
- Lokið: Fyrir 1. júní 2019

Öryggiskröfum heimasíðna allra stofnana sveitarfélagsins fullnægt

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið
- Lokið: Fyrir árslok 2019

Tekin ákvörðun um smáforrit fyrir þjónustu- og upplýsingagjöf sveitarfélagsins

- Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og Akureyrarstofa
- Lokið: Fyrir 1. maí 2019